

STARFSHÓPUR SAMGÖNGURÁÐS

GRUNNET ALMENNINGSAMGANGNA Á SV-SVÆÐI GRUNNET HJÓLREIÐASTÍGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI - TILLÖGUR TIL UMRÆÐU

Auður Eyvinds, forstöðumaður hagdeildar, Vegagerðinni,
Baldur Grétarsson, deildarstjóri, Vegagerðinni,
Þorsteinn R. Hermannsson, verkfræðingur, innanríkisráðuneytinu, formaður.




Efling almenningssamgangna í þéttbýli - Bakgrunnur

- **Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar** (maí 2009)
 - Vinna á áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Almenningsamgöngur um land allt stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli.
 - Almenningsamgöngur verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar.
- **Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum** (okt. 2010)
 - Lykilaðgerð E: Efling göngu, hjólreiða og almenningssamgangna sem valkosta í samgöngum (Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið og sveitarfélög)
- **Ferðavenjukönnun – Viðhorfsbreyting** (sumar 2010)
 - Mikill viðsnúningur hefur orðið í viðhorfum til æskilegra framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu frá 2008. Nú vilja flestir bæta almenningssamgöngur, minnka umferð einkabíla og bæta göngu- og hjólastíga.
- **Útgjöld heimilanna** (Rannsókn Hagstofunnar des. 2010)
 - Ferðir og flutningar er annar stærsti útgjaldaliður heimilanna

Samgönguáætlun 2011-2022

Starfshópur samgönguráðs um grunnnet alm.samgangna og hjólr.

Grunnnetið í SGÁ 2007-2018 samanstendur af flugvöllum, flugleiðum, höfnum, vegum og ferju- og siglingaleiðum auk þess sem siglingaleiðir og flugleiðir til/frá landinu teljast til grunnnetsins.



Grunnnet **almenningsgangna og hjólreiðastíga**, sem ætlað er að bera meginþunga umferðar þessara samgöngumáta, hafa hingað til ekki verið á samgönguáætlun.

Fyrstu umræðutillögur að þessum grunnnetum á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess eru kynntar í skýrslu starfshóps samgönguráðs.

Grunnnet almenningssamgangna og hjólreiða

- Tillögur til umræðu

Meginmarkmiðið er að með tillögum starfshópsins hafi samgönguyfirvöld:

- Fyrstu tillögur til umræðu við mótun sjálfbærra samgönguáætlana með sveitarfélögum á næstu misserum
- Raunhæf viðmið til að ákvarða hversu mikið fjármagn eigi að renna í rekstur og uppbyggingu almenningssamgangna og hjólreiðastíga á næstu misserum
- Tillögur að grunnkerfum þessara samgöngumáta til viðmiðunar við ákvarðanir um hvaða framkvæmdir ríkið leggur fjármagn í.

Tillögur afmarkaðar við höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði þess

- Við vinnslu sjálfbærra samgönguáætlana með sveitarfélögum þarf að gera fyrstu tillögur að grunnneti almenningssamgangna og hjólreiðastíga utan þess.
- Setja þarf almenna reglu um framlag ríkisins í rekstur almenningssamgangna innan svæða/sveitarfélaga til að gæta jafnræðis.

Grunnnet almenningssamgangna

- Tillögur til umræðu

Helstu forsendur:


Grunnnet innihaldi leiðir og hluta leiða í samgöngukerfi Strætó bs:

- sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og öll hverfi/borgarhluta með um eða yfir 10 þús. íbúa.
- sem flytja flesta farþega, tengja meginbiðstöðvar í kerfinu og geta orðið grunnur að hraðvagnaleiðum (e. Bus Rapid Transit).
- sem tengjast innanlandsflugi.
- sem tengjast farþegahöfnum.
- sem tengjast meginbiðstöðvum hópferðabifreiða utan af landi.

Grunnnet innihaldi einnig megingtengingar við stærstu kjarna á áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins:

- Reykjanesbær
- Selfoss/Hveragerði
- Akranes/Borgarnes

Grunnnet almenningssamgangna - Leiðakerfi Strætó bs - Heildarkort



Rekstur Strætó bs. 2010

- Rekstrarkostnaður 3,5 milljarðar kr.
- Framlög sveitarfélaganna 2,75 milljarðar kr.
- Tekjur af fargjaldasölu 650 milljónir kr.
- Endurgreiðsla olúgjalds frá ríkinu 137 milljónir kr.

Grunnnet almenningsgangna

- Tillögur til umræðu

Strætó bs.	Leið 1	Leið 3	Leið 5	Leið 6	Leið 11	Leið 15	Leið 19	Leið 23	Leið 24	Samtals
Tíðni á annatíma, árdegis & síðdegis	15	15	30	15	15	15	30	60	30	-
Rekstrarkostnaður á ári	249	172	96	201	143	180	134	14	106	1.295
Hlutfall leiðar í grunnneti	100%	100%	23%	100%	28%	60%	45%	100%	84%	74%
Kostnaður í grunnneti	249	172	22	201	41	108	60	14	89	955

	Rekstrarkostnaður 2010 (millj. kr.)	Framlag frá Vegagerðinni (millj.kr.)	Aths. um framlag
Leið 51	53	10	Heildarframlag til Árborgar og Hveragerðis sem eru með einkaleyfi á leið 51 og leiðinni Selfoss–Eyrarbakki–Stokkseyri.
Leið 57	43	9	Heildarframlag til Akraneskaupstaðar sem er með einkaleyfi á leið 57.
REX	14,5	20	Heildarframlag til samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum sem eru með einkaleyfi á fjórum leiðum á Suðurnesjum.
Samtals	111	39	

Rekstrarkostnaður grunnnets 2010 skv. þessari tillögu: **1.070 millj. kr.**

Framlag ríkisins í reksturinn 2010: **170-180 millj. kr.**

Samstarf um sjálfbærar samgöngur - Tillaga

Forsendur til grundvallar samvinnu ríkis og sveitarfélaga á svæðinu um eflingu göngu, hjólréiða og almenningsgangna:

1. Ríkið skuldbindi sig til að leggja fjármagn í rekstur almenningsgangna á svæðinu í **10 ára** tilraunaverkefni. Á móti verði stórum vegaf framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu frestað.
2. Framlag til rekstrar almenningsgangna verði greitt til landshlutasamtaka á svæðinu (eða beint til Strætó bs) sem á móti ábyrgjast ákveðna þjónustu á skilgreindum leiðum í grunnneti og upplýsa samgönguyfirvöld árlega um fyrirkomulag þjónustunnar.
Styrkveiting verði háð því að þjónusta verði bætt, þ.e. framlög sveitarfélaga í reksturinn skerðist ekki á móti. Sambærilegt fyrirkomulag er þekkt t.d. í Danmörku.
3. Framlag frá ríkinu í reksturinn verði háð því að á móti komi skuldbindingar sveitarfélaganna um sátt um frestun stórra vegaf framkvæmda og markvissar stuðningsaðgerðir sem stuðla að aukinni notkun almenningsgangna, t.d. í skipulagi byggðar, bílastæðamálum og samgöngustefnu opinberra fyrirtækja.

Samstarf um sjálfbærar samgöngur - Tillaga

Forsendur til grundvallar samvinnu ríkis og sveitarfélaga á svæðinu um eflingu göngu, hjólréiða og almenningssamgangna (frh.):

4. Sveitarfélögin og ríkið komi sér saman um mælanleg markmið t.d. í loftslags-, loftgæðamálum og breytingum á ferðamátavali. Í samræmi við forsendur aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum verði markmiðið á tíu árum að a.m.k **tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna** í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Árangur af þessu tilraunaverkefni verði metinn, m.a. með ofangreindum mælikvörðum, í framvindumati á tveggja ára fresti og framlög verði þá endurskoðuð.

5. Fjármögnun:


Hluta af kolefnisgjaldi sem ríkið innheimtir á eldsneyti verði varið í almenningssamgöngur. Á móti verði endurgreiðsla olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningssvagna í áætlunarferðum hætt, þar sem það fyrirkomulag getur unnið gegn vistvænni endurnýjun almenningssvagna og þar með umhverfismarkmiðum.

6. Mótun og framfylgd sameiginlegrar áætlunar ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur hjólréiðastíga verði hluti af þessu 10 ára tilraunaverkefni.

Efling almenningssamgangna í þéttbýli - Ávinningur

- Tvöföldun hlutdeildar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og efling göngu og hjólreiða sem valkosts í samgöngum

Ferðamátaval - Allar ferðir



Efling almenningssamgangna í þéttbýli - Ávinningur

Óbreytt þróun á höfuðborgarsvæðinu

Ár	Ekin vegalengd á ári	Aukning frá 2004
2004	1.340 milljón km	-
2024	2.370 milljón km	77%
2050	2.940 milljón km	119%

Breyttar ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu

Ár	Ekin vegalengd á ári	Aukning frá 2004
2004	1.340 milljón km	-
2024	1.830 milljón km	37%
2050	1.940 milljón km	45%

STARFSHÓPUR SAMGÖNGURÁÐS UM GRUNNET
ALMENNINGSSAMGANGNA OG HJÓLREIÐASTÍGA

GRUNNET ALMENNINGSSAMGANGNA Á SUÐVESTURSVÆÐI
GRUNNET HJÓLREIÐASTÍGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI

- TILLÖGUR TIL UMRÆÐU

MARS 2011

STARFSHÓPUR SAMGÖNGURÁÐS UM HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

SAMGÖNGUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
- RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVERKEFNI

TILLAGA AÐ VERKEFNAÁÆTLUN

FEBRÚAR 2011

